

Fundargerð

272. fundur stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins haldinn á skrifstofu slökkviliðsstjóra, Skógarhlíð 14, föstudaginn 13. júní 2025, kl. 08:00.

Fundinn sátu:

Heiða Björg Hilmsdóttir, Ásdís Kristjánsdóttir, Almar Guðmundsson, Regína Ásvaldsdóttir, Jón Viðar Matthíasson, Birgir Finnsson, Ingveldur Lára Þórðardóttir og Ástríður Þórðardóttir.

Fundargerð ritaði: Ingveldur Lára Þórðardóttir, skrifstofustjóri.

Valdimar Víðisson og Þór Sigurgeirsson voru fjarverandi, sem og varamenn þeirra.

1. Árshlutauppgjör janúar - mars 2025 - 2506002

Árshlutareikningur SHS fyrir fyrsta ársfjórðung 2025 lagður fram til staðfestingar og undirritunar.

Niðurstaða

Árshlutauppgjör SHS janúar - mars 2025 samþykkt og undirritað.

Fylgiskjöl

SHS 272 1.1 Árshlutauppgjör SHS 31.03.2025.pdf

2. Framtíðaruppbygging SHS - 2405010

Umræður um lóðarúthlutanir vegna starfsemi SHS.

Niðurstaða

Umræður halda áfram á vettvangi SSH. Stjórn samþykkir að slökkviliðsstjóri vinni tvær sviðsmyndir varðandi slökkvistöð í Tónahvarfi í samstarfi við Kópavogsbæ, annars vegar út frá einni lóð, hins vegar út frá tveimur.

Fylgiskjöl

SHS 272 2.1 Mbl. bæjarlögmanns Mosfellsbæjar um ráðstöfun lóða til SHS.pdf

SHS 272 2.2 Minnisblað bæjarlögmanns Kópavogs um lóðarúthlutun vegna starfsemi byggðarsamlaga..pdf

SHS 272 2.3 Mbl. borgarlögmanns um ráðstöfun lóða og byggingarréttar til SHS.pdf

SHS 272 2.4 Drög að samk.lagi um gr. byggingarréttar v. lóða f. starfsemi SHS.pdf

3. Framkvæmdir á húsnæði SHS - 2506004

Farið yfir stöðu mála varðandi viðhaldsframkvæmdir á slökkvistöðvum.

Niðurstaða

Kynning.

4. Björgunarmiðstöðin Skógarhlíð - 2501025

Kynning á viðræðum við Framkvæmdasýslu - Ríkiseignir um framhald veru viðbragðsaðila í Skógarhlíð.

Niðurstaða

Kynning.

5. Aðgangur eldvarnaeftirlits að íbúðarhúsi - 2506009

Héraðsdómur Reykjavíkur úrskurðaði í lok apríl að slökkviliðið mætti fara inn í íbúðarhúsnæði þar sem grunur lék á að brunavarnir væru í ólagi. Landsréttur staðfesti þessa niðurstöðu í byrjun maí.

Niðurstaða

Kynning.

Fylgiskjöl

SHS 272 5.1 Niðurstaða Landsréttar v. kæru á úrskurði Héraðsdóms.pdf

6. Önnur mál 2025 - 2501009

6.1 Aðalfundur SHS 2025. Umræða.

Fundi slitið kl. 09:30.

Heiða Björg Hilmisdóttir

Ásdís Kristjánsdóttir

Almar Guðmundsson

Regína Ásvaldsdóttir

